

Afgreiðslufundur

Árið 2026, mánudaginn 26. janúar kl. 13:30 var haldinn 1889. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Anna Jóhannesdóttir, Sesselja M. Sveinsdóttir, Kristófer Ásmundsson og Óskar Ísfeld Sigurðsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsókn WAI ehf., kt. 440923-0620, dags. 25. nóvember 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingastofu/skyndibitastað (Culiacan) í Mathöll Hafnartorg Gallery að Geirsgötu 17, F2369166, rými 0114, bás V6. Allt hráefni kemur tilbúið til eldunar og samsetningar á sölubás. Eigendaskipti.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði og Sértekum starfsleyfisskilyrðum fyrir Mathöll Hafnartorg Gallery, Geirsgötu 17, 101 Reykjavík.*
2. Lögð fram umsókn WAI ehf., kt. 440923-0620, dags. 20. nóvember 2025 um skráningu á veitingastað (Culiacan) í Mathöll Hafnartorg Gallery að Geirsgötu 17, F2369166, rými 0114, bás V6. Eigendaskipti.
Samþykkt að staðfesta skráningu sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.* Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir veitingastaði.*

Fundi slitið kl. 13:45

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Anna Jóhannesdóttir

Sesselja M. Sveinsdóttir